



## Frumvarp til laga um bókasafnasjóð, ódagsett

---

Bjarni Benediktsson – Frumvarp til laga um bókasafnasjóð, Gjald – Framlög - Framlag ríkisins

## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

---

[bjarnibenediktsson.is](http://bjarnibenediktsson.is)

Einkaskjalasafn nr. 360  
Stjórnmalamaðurinn  
Askja 2-3, Örk 2

©Borgarskjalasafn Reykjavíkur

## F r u m v a r p

### til laga um bókasafnasjóð.

1. gr. - Stofna skal bókasafnasjóð ríkisins.
2. gr. - Tekna sjóðsins skal aflað eins og hér segir:
  - a. Gjald skal greiða af öllum blöðum og ritum, sem út eru gefin á íslensku og einkum flytja frásagnir og sögur um erlend efni, frumsamur eða þýddar, fróðleikstíning ýmiss konar, getraunir, myndagátur og ljósmyndir. Ennfremur af þýddum skemmti- og glæpasögum, gefnum út í heftum eða bókaflokkum.

Gjaldið skal vera 20% álag á verð ritsins og greiðist það þannig, að á hvert eintak blaða, heftis, bókarhluta eða bókar séu línd merki, sem prentuð verða ~~og seld í póstafréttisum og pósthúsum~~ *og seld*.

Menntamálaráðuneytið úrskurðar, hvaða blöð, rit og bækur séu gjaldskyld.
  - b. Gjald skal greiða af öllum erlendum blöðum og ritum, sem einkum flytja skemmtisögur, léttan fróðleik og myndir. Ennfremur af glæpa- og skemmtisögum, sem gefnar eru út í bókaflokkum með sama eða svipuðu sniði.

Gjaldið skal nema 25% af tollverði slíkra blaða, rita og bóka.

Menntamálaráðuneytið úrskurðar, hvaða blöð og rit skuli vera gjaldskyld, og skal Innkaupasamband bóksala og aðrir innflytjendur senda ráðuneytinu skrá yfir blöð og rit, sem inn eru flutt, og einnig bókaflokkar, sem innfluttir eru, og leita úrskurðar þess um gjaldskyldu.
  - c. Árlegt framlag ríkissjóðs skal vera kr. 8.00 á hvern íbúa í landinu, samkv. niðurstöðutölum síðasta manntals áður en fjárlög eru afgreidd á Alþingi. Það hækki í samræmi við hækkanir á bókum, launum og öðru því, sem fólgið er í rekstri bókasafna. Árið 1960 verði framlag ríkisins kr. 1.500.000 og greiðist fyrir 1. apríl það ár.
3. gr. - Tekjum bókasafnasjóðs skal varið þannig:
  - a. Til greiðslu á framlögum samkv. lögum um almenningsbókasöfn.
  - b. Allt að kr. 500.000 á ári til húsabóta handa almenningsbókasöfnum. Skulu framlögin aldrei fara fram úr 40% byggingarkostnaðar og ekki fram úr 30% annarra húsabóta.
  - c. Til húsabóta handa bæjar- og héraðsskjalasöfnum, sem starfrækt eru í sambandi við almenningsbókasöfn, þó ekki hærri upphæð árlega en kr. 100.000.00 og ekki yfir 40% kostnaðar.

d. ~~Allt að 50.000,00 á ári~~ til styrktar almenningsbókasöfnum og skjalasöfnum, sem starfrækt eru í sambandi við þau, til kaupa á lestækjum og lesfilmum.

e. Til bæjar- og héraðsbókasafna vegna nýsmála í starfi og rekstri og til safna, sem hafa geymsluskyldu á öllum íslenskum bókum og ritum, eftir tillögum bókafulltrúa og ákvörðun Menntamálaráðuneytis.

f. Til héraðsbókavarda vegna eftirlitsferða, samkv. tillögum bókafulltrúa og úrskurði Menntamálaráðuneytisins.

Menntamálaráðuneytið skal hafa á hendi stjórna sjóðsins og ávöxtun fjár hans og setja nánari reglur um innheimtu þeirra gjalda, sem ákveðin eru með lögum þessum.

Áætlun um tekjur  
Bókasafnasjóðs af merkjasölu og erlendum blöðum  
og ritum.

1. Af merkjasölu ca.	kr. 1.750.000
2. Af 25% gjaldi af tollverði gjaldskyldra erlendra blaða og rita	- 750.000
	<u>Samtals kr. 2.500.000</u>

Áætlun  
um tekjur og gjöld bókasafnasjóðs, samkvæmt frumvarpi  
til laga um slíkan sjóð og frumvarpi til laga um breyt-  
ingu á lögum um almenningsbókasöfn, sem send eru hér með.

Tekjur.

1. Framlag ríkisins, miðað við manntal í árslok 1958	kr. 1.360.000
2. Tekjur af erlendum <sup>ritum</sup> <del>blöðum</del> og merkjasölu	- 2.500.000
	<u>Samtals kr. 3.860.000</u>

Gjöld.

1. Til bæjar- og héraðsbókasafna	kr. 2.040.000
2. Til sveitarbókasafna	- 750.000
3. Til bókasafna í heimavistarskólum og hælum	- 175.000
4. Til byggingar bókasafna	- 500.000
5. Til húsabóta handa bæjar- og héraðsskjalasöfnum, starfræktum í sambandi við bæjar- og héraðsbókasöfn	- 100.000
6. Til slíkra safna vegna kaupa á lestækjum og lesfilmum, ca.	- 50.000
7. Til nýmæla í rekstri og styrkur til safna, sem hafa geymsluskyldu á íslenskum bókum og ritum <i>og vegna efnisbókanna</i>	- 100.000
8. Tekjuafgangur	- 145.000
	<u>Samtals kr. 3.860.000</u>

Heildarsamþundur á útgjöldum ríkissjóðs samkv. nágildandi lögum og bókasafnasjóðs samkvæmt frumvarpinu nýja.

Áætlun bókafulltrúa send ráðuneytinu 16. júní 1958.

1. Til bæjar- og héraðsbókasafna	kr. 640.000
2. Til sveiturbókasafna og lestrarfél.	- 500.000
3. Til bókasafna skóla og opinberra stofnana	- 110.000
	<u>Samtals kr.: 1.250.000</u>

Samkvæmt frumvarpinu.

1. Til bæjar- og héraðsbókasafna	kr. 2.039.795
2. Til sveiturbókasafna og lestrarfél. Áætlun tala	- 750.000
3. Til bókasafna í heimavistarskólum og hælum	- 175.000
	<u>Samtals kr.: 2.964.795</u>

Þarna er þá um að ræða hækkan, sem kemur kr. 1.714.795. Hina vegar verður annað uppi á teningnum, ef þorin eru saman framlög ríkissjóðs samkv. nágildandi lögum og samkv. frumvarpinu.

Á árinu 1960 yrðu framlög ríkissjóðs að 811u óbreytt<sup>u</sup>. Kr. 1.250.000 til lögbundinna útgjalda vegna bókasafna, en kr. 1.425.000 að viðbættum styrk til byggingar bókasafna, þótt hann væri ekki hækkaður frá fjárlögum 1959. Samkvæmt frumvarpinu nýja verða útgjöld ríkissjóðs kr. 1.360.000 og er það kr. 65.000 lækkun. En í fyrra sýndi bókafulltrúi frá á með rökum, sem ekki voru og ekki verða rengd, að svo mikil verðhækkan hefur orðið á bókum, síðan lögin um almenningsbókasöfn voru samþykkt - og samfremur hækkan á öðrum kostnaðarliðum við rekstur þeirra, að til þess að aðstoða safnana verði sama og 1954, þurfa framlög að hækka til bæjar- og héraðsbókasafna um 50% og til annarra safna nokkru meira. Sé þessari upphæð bætt við áætlun útgjöld 1960, verða tölurnar eins og hér segir:

1. Til bæjar- og héraðsbókasafna	kr. 960.000
2. Til sveiturbókasafna og lestrarfél. kr. 500.000 + 250.000	- 750.000
3. Til bókasafna í heimavistarskólum og hælum kr. 110.000 + 65.000	- 175.000
	<u>Samtals kr.: 1.885.000</u>

Þarna bætast við að minnsta kosti kr. 175.000 til byggingar bókasafna, og eru þá útgjöld ríkisins komin upp í kr. 2.040.000 - eða kr. 615.000 hærrí en gert er ráð fyrir í frumvarpinu um bókasafnasjóð.

Skylduframlög sýslna, hreppa, þar sem héraðsbókasöfn eru staðsett, og 8 bæja, Kópavogs, Akraness, Sauðárkróks, Ólafsfjarðar, Húsavíkur, Seyðisfjarðar, Neskaupstæðar og Vestmannaeyja hækka frá raunverulegum framlögum 1958 um kr. 423.810, en á móti þeirri hækkingun kemur 705.896 króna hækkingun úr Bókasafnasjóði (áður ríkissjóði). Hjá Reykjavík og fimm öðrum bæjum verða skylduframlögin lægri en raunveruleg framlög 1958, en framlag Bókasafnasjóðs (áður ríkissjóðs) hækkar samtals um 713.479, þar af kr. 350.219 hækkingun til Reykjavíkur, en kr. 363.260 til hinna fimm bæjanna, Keflavíkur, Hafnarfjarðar, Ísafjarðar, Siglufjarðar og Akureyrar.

Framlög til bæjar- og héraðsbókasafna á íbúa:

Framlög alls	kr.	30.35
- bæjar, hreppa og sýslna	-	18.35
- bókasafnasjóðs	-	12.00
- alls utan Reykjavíkur	-	32.76
- bæja, (Reykjavík undanskilin) hreppa og sýslna	-	17.48
- Bókasafnasjóðs til safna utan Rvíkur	-	15.22

Framlag alls til bæjar- og héraðsbókasafna á hvern

íbúa í tíu bókasafnahverfum:

1. Siglufjarðar	kr.	55.00
2. Vestmannaeyja	-	45.00
3. Akraness	-	40.36
4. Ísafjarðardjúps	-	38.07
5. Kópavogs	-	35.00
6. Hafnarfjarðar og nágrennis	-	31.12
7. Keflavíkur	-	30.76
8. Eyjafjarðar	-	28.46
9. Reykjavíkur	-	27.50
10. Árnessýslu	-	27.00

Samanburður við nokkur bókasafnahverfi.

Í Svíþjóð og Danmörku.

(Sænsk króna reiknuð á kr. 5.00 ísl. Dönsk á kr. 4.00)

Í Svíþjóð.

1. Karlskrona	kr.	82.25
2. Vesturás	-	75.50
3. Visby	-	48.95
4. Málmey	-	47.40
5. Lundur	-	86.10
6. Eskilstuna	-	42.40
7. Gautaborg	-	41.40
8. Gävle	-	38.80
9. Stokkhólmur	-	37.65
10. Jönköping	-	30.10

Í Danmörku.

1. Lemvig	-	87.50
2. Assens	-	64.00
3. Hillerød	-	45.40
4. Kalundborg	-	44.00
5. Vejle	-	41.88
6. Silkeborg	-	40.00
7. Ålaborg	-	38.40
8. Årósar	-	32.00
9. Óðinsvé	-	29.92
10. Esbjerg	-	20.52